

RÁÐGJAFARMÍÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Öll þessi dæmi má svo finna á útfylltri opnu úr vorbók sem fylgir með þessum leiðbeiningum.

1. Alltaf skal skrá fullt númer hrúts á forminu xx-xxx, þar sem fyrstu tveir tölustafirnir eru síðustu tveir tölustafir fæðingarárs hrútsins og næstu þrír eru hlaupandi þriggja stafa númer sem hrúturinn hefur. Sé faðerni ekki þekkt er ekkert skráð í reitinn. Séu notaðir aðkomuhrútar á **EKKI** að gefa þeim nýtt númer heldur nota númerið sem hrúturinn hefur á sínu heimabúi. *Góð regla er að skrifa fremst í bókina frá hvaða bæ aðkomuhrútur kemur sé um slíkt að ræða.*

2. Rétt er að venja sig á að skrifa alltaf burðardagssetningu eða fangdagsetningu. Það er nauðsynlegt svo aldursleiðréttingar skili sér rétt inní afurðauppgjör. Ef þessu er sleppt er hættu á að elstu lömbum hvers árs sé umbunað um og of á kostnað þeirra lamba sem fæðast síðast.

3. Í vorfjorbók þarf alltaf að skrá AFDRIF FANGS. Þær ær sem ekkert er skráð við falla annars sjálfkrafa útúr vorbókinni. Tölustafurinn 1 er settur í reitinn AFDRIF (sem kemur á eftir númeri hrúts) þegar ær bera lömbum. Ef ær er geld er talan 3 skráð og ef ær hefur látið þá er talan 2 skráð. Sé fjöldi lamba sem ærin lætur þekktur er fjöldi dauðra lamba skráður í BURÐUR. Hjá gemlingum sem hafðir eru geldir skal skrá 6 í reitinn AFDRIF. Réttar skráningar í þennan reit eru nauðsynlegar uppá að upplýsingar skili sér rétt inn í útreikninga frjósemi ærinnar.

Dæmi: Ærin 04-324 lét tveimur fósturum, 16. mars. Þá er skráð 2 í AFDRIF, 16/3 í BURÐ.DAGS. og 2 í dálkinn BURÐUR. Sé fjöldi fóstura ekki þekktur nægir að skrá 2 í AFDRIF.

Dæmi: Ærin 04-327 hefur engar upplýsingar. Hún fellur út úr skýrsluhaldinu séu engar upplýsingar skráðar við hana.

Dæmi: Ærin 04-328 er geld. Þá er skráð 3 í reitinn AFDRIF á eftir númeri hrúts.

Dæmi: Ærin 04-340 er með óþekkt faðerni. Þá er sleppt að skrifa númer hrúts og talan 1 skráð í AFDRIF.

RÁÐGJAFARMÍÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Öll þessi dæmi má svo finna á útfylltri opnu úr vorbók sem fylgir með þessum leiðbeiningum.

4. Lamb sem vanið er undir aðra á skal skrá hjá BLÓÐMÓÐUR. Ef lambið er fært hjá fósturmóðurinni sem hennar lamb verður hún sjálfkrafa móðir þess og sá hrútur sem var skráður í FANG hjá henni faðir lambsins, en ekki hinir raunverulegu foreldrar þess. Að leiðrétt slíkt er tímafrek vinna sem ekki þarf að sinni ef lömb eru rétt skráð í upphafi.

Ef ær er t.d. þrílembd eru skráðir 3 í BURÐ og síðan fært KYN, NÚMER LAMBA og LITUR á lömbin.

Ef eitt lambið hefur verið vanið undir heldur skráningin áfram hjá því og skal skrá 1 í ATBURÐIR (sem stendur fyrir VANIÐ UNDIR AÐRA Á) og þar fyrir aftan númer fósturmóður í reitinn FÓSTURMÓÐIR.

Hjá þeim ám sem vanið er undir skal skrá þeirra burð þó svo að hennar lamb/lömb hafi fæðst dauð, drepist í fæðingu eða misfarist á annan hátt. Skrá skal AFDRIF og BURÐ þeirra lamba sem hún missir og í reitinn AFDRIF VOR 2, 3 eða 4 eftir ástæðum þess að lamb hafi drepist.

Við útreikning á afurðastigi hjá fósturmóður kemur það lamb sem vanið er undir hana sjálfkrafa inn í afurðastig hennar er varðar MJÓLKURLAGNI.

Dæmi: Ærin 04-331 átti tvö lömb en drapst við burð. Lömbin hennar eru fósturuð af ánni 05-342 sem missti bæði sín lömb við burð. Hjá 04-331 er því skráð 2 í AFDRIF ÆR sem stendur fyrir „Drapst við burð“. Lömbin eru hins vegar skráð hjá henni þar sem hún er blóðmóðir þeirra og svo númer fósturmóður fyrir aftan lömbin. Hjá 05-342 er skráð að hún hafi átt 2 lömb en í afdrif þeirra er skráð 2 og 3, sem stendur fyrir að annað hafi fæðst dautt en hitt drepist í fæðingu.

Dæmi: Ærin 04-325 er þrílembd. Lamb númer 487 er vanið undir á sem er númer 04-330. Sú ær átti aðeins eitt lamb. Hennar lamb er númer 488. Ganga því undir henni lömb númer 487 og 488. Undir 04-325 ganga svo lömb númer 472 og 473.

RÁÐGJAFARMÍÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Öll þessi dæmi má svo finna á útfylltri opnu úr vorbók sem fylgir með þessum leiðbeiningum.

AER

NÚMER	LITUR	ÖMMÆLING & LÆRSTIG		FADIR	FRJÓSEMI	KYNBÓTAMAT		ATBURDIR	PUNGI		FÉKK			LAMBID					ÆRIN		ATHUGASEMDIR							
		ÓV	ÓF			FITA	FRJÓS		Í OKT	Í APRÍL	DAGS. MÁN.	HRÚTUR NÚMER	AFDRIF	BURD. DAGS.	BURDIR	KYN	LAMBÁ NÚMER	LITUR	AFDRIF VOF	ATBURDIR		FÓSTURMÓÐIR	AFDRIF	DAGS MÁN				
																									ÓL	LS	MÓÐIR	AFURDIR
03-303 Morkolla	40 1			02-117 Svaili 94-156 Gæfa	7-6-- 7-5.1-4.5	107 90	110 97					09369	1	14 5	2 2	1 2	13 14	10 10										
04-323 Pása	47 4			02-117 Svaili 95-161 Nótt	6-6-1- 6-2.0-4.0	88 94	109 91						1	8 5	3 3	1 2	67 68	10 10										
04-324 Tóa	20 4			00-889 Rektor 95-162 Góa	6-6-2-3 7-2.9-3.5	94 104	122 95						10373	2	16 3	2 2												
04-325 Góla	10 4			01-883 Hylur 95-166 Ör	6-6-1- 7-2.9-3.6	120 101	103 101						09369	1	10 5	3 3	1 1	472 473 487	10 10 10					1	04330			
04-327 Klemma	10 4			97-843 Lækur 97-188 Öskubuska	6-6-0- 6-3.6-3.9	107 101	103 91																					
04-328 Mysa	10 4			02-115 Klettur 97-242 Mysa	6-6-1- 7-3.8-3.4	110 87	104 94							3														
04-330 Ólga	47 4			02-117 Svaili 98-214 Ól	6-5-- 6-3.1-5.2	99 90	109 88						08342	1	11 5	1 1	2 2	488	10									
04-331 Ása	10 1			01-121 Bjartur 99-218 Ósk	6-6-1-2 7-7.3-6.3	106 85	106 107						10374	1	19 5	2 2	1 1	123 124	10 10			1	05342	2	19 5			
04-337 Ásdís	10 4			02-115 Klettur 01-270 Laufey	6-4-0-2 6-6.1-3.8	111 94	112 105						09369	1	15 5	2 2	1 1	15 16	10 10									
04-339 Hálka	10 4			02-116 Gosi 02-288 Skörp	6-6-1- 6-4.9-3.9	97 110	102 99						08342	1	12 5	2 2	2 2	355 356	10 10									
04-340 Gullbrá	10 4			97-843 Lækur 02-292 Bletta	6-6-1-2 7-4.4-6.1	107 105	108 92							1	7 5	1 1	1 1	66	10									
05-342 Löt	10 4			03-119 Depill 97-194 Stella	5-5-1- 6-6.1-5.7	103 98	106 100						08343	1	19 5	2 2	1 1		10 10	2 3								